

Fundargerð 24. fundar skráningarráðs Gegnis fimmtudaginn 9. mars 2006

Haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37 kl. 14-16

Fundarmenn: Fanney Sigurgeirsdóttir (fundarritari), Guðný Ragnarsdóttir, Hulda Ásgrímsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður) og Þórdís T. Þórarinsdóttir

Auk þess sátu fundinn þær Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna. Ragna Steinarsdóttir ritstjóri efnisorða var veik.

1. **Fundargerðir síðustu tveggja funda** voru lagðar fram og samþykktar.
2. **Kynningarfundur fyrir skrásetjara.** SH sagði frá fundinum og dreifði tillögu að dagskrá. Fundurinn verður u.þ.b. 3 klukkustundir og léttar veitingar í lokin. Farið var yfir verkaskiptingu vegna fundarins og dagskrá rædd. Undirbúningsnefnd (SH og HG) mun fullmóta dagskrá og ganga frá atriðum sem snúa að fyrirlesurum.
3. **Ábyrgðarmenn skráningar.** HG sagði frá vinnu sinni og SH við að skipta ábyrgðarmönnum skráningar í hóp, dreifði lista yfir virka skrásetjara í Gegni og hópa sem þeir tilheyra. Þessum lista verður dreift á kynningarfundinum 16. mars. Búið er að tilnefna 15 ábyrgðarmenn, hóparnir eru 10 svo að 1-3 ábyrgðarmenn eru í hverjum hóp. Enn eru nokkrir skrásetjarar sem ekki er búið að raða í hóp og verða þeir beðnir um að velja sér hóp til að starfa með á kynningarfundinum 16. mars. Umræður urðu um hvort fulltrúar úr skráningarráði eigi að ganga fyrir sem ábyrgðarmenn í sínum hópum. GR vildi koma því sjónarmiði á framfæri að ekki væri í öllum tilfellum æskilegt að meðlimir skráningarráðs gengju fyrir sem ábyrgðarmenn, t.d. ef þeir ynnu lítið við skráningu, eins og væri í hennar tilfelli.
4. **856 sviðið.** Skjal 856 hópsins var samþykkt og verður sett á vef Landskerfis bókasafna
5. **Beiðni um skráningarheimild.** Ekki var samþykkt að veita tímabundna skráningarheimild til starfsmanns LHÍ þar sem viðkomandi hefur ekki fengið þjálfun í skráningu í Gegni. Rætt var um fjölda skráningarnámskeiða og talið æskilegt að þau verði haldin reglulega, helst tvisvar á ári. SH og HG skoða það mál betur.
6. **Breytingar á sóttum færslum.** ÞS lagði til að gert verði að skyldu að eyða sviði 092 úr færslum frá OCLC en ekki haft sem æskilegbreyting eins og nú er og það verði fært inn í skjal um breytingar á OCLC færslum sem samþykkt var í skráningarráði. FS lagði til að í sama skjal verði sett fyrirmæli um að breyta sviðstáknum fyrir 13 stafa ISBN númer úr 024 í 020. Báðar tillögur voru samþykktar. FS tekur að sér að lagfæra skjalið. Að auki ætlar SH að ræða við Georg Heiming í Þýskalandi um hvort hægt sé að snyrta sóttar færslur um leið og þær eru lagðar inn í Gegni.
7. **Önnur mál**
 - a) *Skemmriskráning.* Í Gegni eru 439 skemmriskráningarfærslur sem á eftir að fullskrá. ÞS lagði til að settar verði reglur um hversu lengi skemmriskráningarfærslur megi liggja inni í Gegni. Samþykkt að öllum skemmriskráningarfærslum verði eytt ári eftir að þær eru lagðar inn í Gegni og að 1. júní nk verði öllum skemmriskráningarfærslum frá árinu 2004 sem og frá janúar, febrúar og mars 2005 eytt. Ákveðið að tilkynna þetta á kynningarfundinum 16. mars.

- b) *Fregnir*. ÞTP óskaði eftir efni frá skráningarráði í Fregnir. ÞS tekur að sér að skrifa um störf skráningarráðs, HÁ tekur að sér að skrifa um kynningarfundinn þann 16. mars og SH tekur að sér að taka myndir á fundinum.
- c) *Skráning á tungumálanámskeiðum*. Umræður urðu um nauðsyn þess að gerðar verði reglur um skráningu á þessu efni. M.a. þarf að ákveða hvert á að vera ríkjandi form efnisins og formgreining í sviði 245. HÁ tekur að sér að kalla saman vinnuhóp til að fjalla um þetta mál ef þörf krefur.

Næsti fundur boðaður um miðjan maí.

Fundi slitið kl. 16.00